

Nd. **530. Frumvarp til laga** [124. mál]
um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 20. apríl 1968.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. apríl.)

1. gr.

Á eftir 50. gr. laganna komi ný grein, sem verði 50. gr. a, svo hljóðandi:
Óheimilt er að efna til akstursíþróttá án leyfis lögreglustjóra. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kaupstaða og kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um akstursíþróttir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.